

# Fundargerð 267. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Fundarsalur Þingborg
<b>Fundardagur:</b>	Þriðjudagur 6. september 2022
<b>Fundartími:</b>	9:00 – 11:45
<b>Fundarmenn:</b>	Árni Eiríksson oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Walter Fannar Kristjánsson Harpa Magnúsdóttir Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við lið nr. 14. Stofnun umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu og lið nr. 15. Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

## **Dagskrá:**

### **1. Kynning á störfum verkefnastjóra Skóla- og velferðarþjónustu um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna**

Til fundarins mætti Kristín Arna Hauksdóttir verkefnastjóri samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla. Kristín fór yfir farsældarlögin og innleiðingarferlið sem framundan er næstu 3-5 árin.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar Kristínu Örnu fyrir góða kynningu á verkefninu og óskar henni góðs gengis í framhaldinu.

### **2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 244, dags. 24.08.2022**

#### **a) Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2208025**

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf. er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjarholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja gerð skipulagslýsingar á grundvelli framlagðar tillögu og að hún verði kynnt og send til umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur umsókn frá Landhönnun slf. er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjarholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að gerð verði skipulagslýsing á grundvelli framlagðar tillögu og að hún verði kynnt og send til umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-168, dags. 11.08.2022**

#### **c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-169, dags. 31.08.2022**

### **3. Ungmennaráð Flóahrepps**

Tilnefningu í Ungmennaráð Flóahrepps var frestað til septemberfundar á fundi sveitarstjórnar þann 21.06.2022. Eftirfarandi fulltrúar eru tilnefndir í Ungmennaráð Flóahrepps til fjögurra ára:  
Aðalmenn:

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir, formaður

Victor Örn Victorsson  
Hanna Dóra Höskuldsdóttir  
Varamenn:  
Ólöf Vala Heimisdóttir  
Símon Martinsson  
Árdís Eva Birgisdóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 4. Öldungaráð Uppsveita og Flóa

Óskað er eftir áhugasömum aðilum í september útgáfu Áveitunnar. Tilnefningu frestað til október fundar. Áhugasamir íbúar eru hvattir til að taka þátt í öldungaráði Uppsveita og Flóa og er bent á að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps varðandi þátttöku.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 5. Frá Íslenska Gámafélaginu – samræming úrgangsflokkunar

Lagt fram tilboð og upplýsingar vegna samræmingar á úrgangsflokkun yfir allt landið. Með síðustu breytingum á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sveitarfélögum gert skylt að samræma flokkun við íbúðarhús í pappír og pappa, plastumbúðir, lífrænan eldhúsúrgang og almennt sorp. Þetta kallar á fjórar tunnur við hvert íbúðarhús. Einnig er sveitarfélögum skylt að koma upp sérsöfnun á grenndarstöðvum fyrir málma, gler og textíl. Breytingarnar taka gildi frá 1. janúar 2023.

Samræmt flokkunarkerfi yfir allt land er mikilvægt fyrir innleiðingu hringrásarhagkerfis á Íslandi og stórt framfaraskref í baráttunni gegn loftslagsvánni þar sem sýnt hefur verið fram á að sérsöfnun á hráefni leiði til meiri og betri flokkunar.

Samhliða breytingum á lögum nr. 55/2003 þarf að huga að breytingu á samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi og endurskoðun á gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að ganga til samninga við Íslenska Gámafélagið varðandi útskipti og dreifingu á ílátum ásamt samræmdum merkingum í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi og tímasettri áætlun á útskiptum, dreifingu og merkingum við Íslenska Gámafélagið. Sendur verður dreifimiði á alla íbúa sveitarfélagsins þar sem að fyrirkomulagið verður kynnt og í kjölfarið haldinn íbúafundur. Sveitarstjóra jafnframt falið að hefja vinnu við breytingar á samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi og að koma með tillögu að gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar fyrir árið 2023. Gjaldskrá ásamt samþykktum verði svo lagt fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 6. Staða húsvörðar í félagsheimilum

Á fundi sveitarstjórnar þann 09.08.2022 ákvað sveitarstjórn að unnið yrði að skýrri verkefnalýsingu og samræmingu á verkþáttum sem eru innifaldir í þjónustu við útleigu og önnur verkefni og að í framhaldinu væri metin starfsmannþörf við húsvörslu í félagsheimilum sveitarfélagsins. Sveitarstjóri leggur til að ráðið verði í tímabundið 30% starfshlutfall frá 01.10.2022-01.05.2023 og að gerður verði ráðningarsamningur þar um. Auglýst verði á heimasíðu og facebook síðu sveitarfélagsins einnig verður auglýst á Alfreð, atvinnuauglýsinga síðu. Í byrjun árs 2023 verði auglýst eftir starfsmanni til að sinna hærra starfshlutfalli í félagsheimilum og mögulega öðrum tilfallandi verkefnum innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að auglýst verði 30-50% tímabundið starf við húsvörslu í félagsheimilum Flóahrepps og að auglýst verði í aukni starfshlutfall fyrir næsta sumar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 7. Erindi frá skólastjórnendum og íþróttakennara Flóaskóla: Skólalóð Flóaskóla og aðstaða til íþróttakennslu.

Lagt fram erindi frá skólastjórnendum og íþróttakennara Flóaskóla varðandi skólalóð Flóaskóla og aðstöðu til íþróttakennslu. Óskað er eftir því að unnin verði áætlun um framkvæmdir á skólalóð.

Bent er á jákvæð áhrif með tilliti til leiksvæðis í frímínútum nemenda sem og bætta aðstöðu til íþróttakennslu utandyra að hausti og vori. Í erindinu eru nefndir nokkrir möguleikar sem óskað er eftir að verði skoðaðir og eru þeir möguleikar settir upp í forgangsröð undirritaðra.

Samhliða þessu erindi er lagt fram minnisblað frá oddvita sveitarstjórnar um tillögu að teymi eða vinnuhóp um uppbyggingu á húsnæði og skólalóð Flóaskóla.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar skólastjórnendum og íþróttakennara fyrir innsent erindi og telur þær upplýsingar sem þar eru lagðar fram hjálpa til við ákvörðun um næstu skref í uppbyggingu á skólalóð. Sveitarstjóra er falið að hefja vinnu við lagfæringar á leiksvæði í samráði við skólastjóra og umsjónarmann fasteigna. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að stofnaður verði vinnuhópur sem hefur það hlutverk að fullvinna þarfagreiningu húsnæðis og aðstöðu við Flóaskóla og skila tillögum að uppbyggingu, áfangaskiptingu og tímasettri framkvæmdaáætlun á grundvelli þarfagreiningar til sveitarstjórnar eigi síður en í mars 2023. Í kjölfarið verði farið í hönnunar-, útboðs- og uppbyggingarferli sem stýrt verði af bygginganefnd sem skipað verður í af sveitarstjórn.

Eftirfarandi fulltrúar skulu sitja í vinnuhóp:

Árni Eiríksson, oddviti sveitarstjórnar

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Harpa Magnúsdóttir, fulltrúi T lista í sveitarstjórn

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna

Fulltrúi starfsmanna Flóaskóla

Fulltrúi foreldra í skólaráði

2 fulltrúar nemenda

Formaður / fulltrúi framkvæmda- og veitunefndar

Formaður / fulltrúi fræðslunefndar

Formaður / fulltrúi íþróttá- æskulýðs og menningarnefndar

Formaður / fulltrúi úr vinnuhóp um Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi

Fulltrúar í sveitarstjórn hafa seturétt á fundum vinnuhópsins.

Skólastjóra falið að skipa fulltrúa starfsmanna, foreldra og nemenda og formönnum nefnda falið að skipa þeirra fulltrúa. Skila skal upplýsingum um fulltrúa til sveitarstjóra fyrir 1. október 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **8. Gamla Þingborg – viðhald á þaki**

Fyrir liggja upplýsingar frá umsjónarmanni fasteigna um leka í risi í Gömlu Þingborg. Við skoðun kom í ljós þörf á minniháttar lagfæringu sem umsjónarmaður fasteigna getur brugðist við á næstu dögum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að farið verði í lagfæringu á þaki til að sporna við leka.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **9. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga – lokun skrifstofu.**

Dagana 13.-14. október næstkomandi fer fram fjármálaráðstefna sveitarfélaga. Sveitarstjórn Flóahrepps ásamt starfsmönnum á skrifstofu Flóahrepps munu sækja ráðstefnuna í ár.

Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð dagana 13.-14. október.

Sveitarstjóra falið að auglýsa lokun skrifstofu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **10. Starfsnefndir á ársþingi SASS**

Ársþing SASS fer fram á Höfn dagana 27.-28. október næstkomandi. Ákveðið hefur verið að hafa milliþingnefndir að störfum fyrir þingið. Stjórn SASS óskar eftir skipan kjörinna fulltrúa frá Flóahreppi í einhverjar af þeim sjö milliþingnefndum ársþingsins.

Árni Eiríksson, allsherjarnefnd

Hulda Kristjánsdóttir, samgöngunefnd

Walter Fannar Kristjánsson, umhverfis- og skipulagsnefnd

Harpa Magnúsdóttir, mennta- og menningarmálanefnd

Elín Höskuldsdóttir, velferðarnefnd

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **11. Viðtalstímar sveitarstjóra og oddvita**

Lagt fram erindi frá sveitarstjóra varðandi viðtalstíma sveitarstjóra og oddvita Flóahrepps. Lagt er til að teknar verði upp bókanir á viðtalstímum með það að markmiði að gera viðtöl milli íbúa og stjórnsýslunnar markvissari og árangursríkari. Viðtölin verði bókanleg á heimasíðu og hjá ritara sveitarfélagsins. Hægt væri að bóka viðtal í síma, á fjarfundi eða á staðnum

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka upp bókanir á viðtalstímum sveitarstjóra og oddvita til prufu í 6 mánuði frá 1. október 2022-1. apríl 2023. Opnunartími skrifstofu verður óbreyttur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## 12. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga – málefni fatlaðs fólks

Fyrir liggur eftirfarandi bókun byggðarráðs Skagafjarðar frá 25. ágúst 2022 varðandi málefni fatlaðs fólks. Byggðaráð óskaði eftir því að sveitarfélög innan landshlutasamtaka sveitarfélaga myndu beita sér í málinu:

*„Byggðarráð Skagafjarðar lýsir yfir miklum áhyggjum af sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Ljóst er að sveitarfélögum var falin mikil ábyrgð með tilfærslu málaflokksins frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 og áskoranir í þjónustunni urðu enn stærri með lagabreytingum árið 2018.*

*Lögbundið framlag til sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs standa engan veginn undir rekstri málaflokksins og hefur svo verið um nokkurra ára skeið. Nýleg greining starfshóps ráðherra á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020 leiðir í ljós að rekstrarniðurstæða sveitarfélaga landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hafði þá þrefaldast á þremur árum frá 2018. Ljóst er að hallinn á árinu 2021 var umtalsvert meiri.*

*Byggðarráð Skagafjarðar fagnar skipan starfshóps félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og skorar á ráðherra að hraða vinnu hópsins þannig að hann skili af sér niðurstöðum fyrir Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. september nk. Fyrirmyndar að skjótum viðbrögðum má sækja í verkfærakistu matvælaráðherra sem skipaði fyrr í sumar svokallaðan spretthóp sem gekk fuðlaust og vasklega til verks.*

*Byggðarráð leggur enn fremur áherslu á að ríkisvaldið tryggi aukið fjármagn til málaflokksins á árinu 2022 til að stöðva langvarandi halla á rekstri hans.“*

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir áhyggjur byggðarráðs Skagafjarðar. Ljóst er að málaflokkur fatlaðs fólks er rekinn í sívaxandi halla og staðreynd að lögbundið framlag sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs standa engan veginn undir rekstri málaflokksins. Flóahreppur er hluti af Bergrisanum bs. sem fer með málefni fatlaðs fólks í 13 sveitarfélögum á Suðurlandi.

Meginmarkiðið er að tryggja fötluðu fólki samþætta og heildstæða nærþjónustu. Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á að starfshópur félags- og vinnumarkaðsráðherra vinni hratt og örugglega í því að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Tekið er undir áskorun byggðarráðs Skagafjarðar um að starfshópur skili af sér niðurstöðum fyrir landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga 28. september 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## 13. Bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja – mönnun heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni

Fyrir liggur eftirfarandi bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja frá 5. júlí sl. tengt vanda við mönnun heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni:

*„Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að jafnt aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu á að vera grundvallaratriði í samfélagsuppbyggingunni. Sú er hins vegar ekki raunin fyrir fólk á landsbyggðinni í dag. Heilsugæslan á landsbyggðinni er undirmönnuð og aðgengi íbúa að grunnheilbrigðisþjónustu er skert. Það þarf að búa þannig um hnútana að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni geti mannað stöður heilbrigðisstarfsfólks þannig að þær geti veitt þá grunnheilbrigðisþjónustu sem þeim er ætlað. Þá liggur fyrir að flestar flóknar aðgerðir eru í dag einungis framkvæmanlegar á Landspítalanum. Það þarf að auka öryggi sjúklinga á landsbyggðinni með því að styrkja og breyta fyrirkomulagi sjúkraflugs m.a. með tilkomu sérhæfðrar sjúkraþyrlu og ákveða þarf staðsetningu flugvallar í Vatnsmýrinni til framtíðar. Þannig tryggjum við að allir landsmenn geti notið þjónustu Landspítalans með fullnægjandi hætti.“*

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir bókunina og vill undirstrika þá þörf að öryggi og aðgengi sjúklinga á landsbyggðinni að heilbrigðisþjónustu sé bætt. Sveitarstjórn hvetur heilbrigðisfyrirvöld til þess að bregðast við vandanum og finna lausn til frambúðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## 14. Stofnun umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu

Fyrir liggja drög að samningi umdæmisráðs á landsvísu, erindisbréf valnefndar og viðauki við samning vegna stofnunar og starfsemi umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu. Samkvæmt

innleiðingu á breytingum á barnaverndarlögum skulu öll sveitarfélög landsins hafa skipað umdæmisráð fyrir 1. október 2022.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir drög að samningi, erindisbréfi og viðauka vegna stofnunar og starfsemi umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu. Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir einnig vilja til þess að gerast stofnmeðlimur umdæmaráðs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 15. Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 9. ágúst sl. var ákveðið að seinni umræða um breytingu á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps færi fram á næsta fundi. Bókun við lið 14 kallar á breytingu á 41. gr. tölulið 10 um yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og skólaþjónustu og velferðarnefnd Árnesþings sem fer með barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fresta seinni umræðu um samþykktir um stjórn Flóahrepps þar til liggur fyrir hvernig málefnum barnaverndar verði háttað skv. innleiðingu á breytingum á barnaverndarlögum. Sveitarstjóra falið að vinna við útfærslu á þessari breytingu á samþykktum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 16. Fundargerðir:

- a) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings b.s. dags. 29.06.2022
- b) Auka aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings b.s. dags. 29.06.2022,
- c) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 266, dags. 09.08.2022
- d) Stjórnar SASS nr. 585, dags. 15.08.2022
- e) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 202, dags. 16.08.2022
- f) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 1, dags. 18.08.2022
- a) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 220, dags. 26.08.2022
- b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 912, dags. 26.08.2022
- c) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga dags. 01.09.2022

#### 17. Efni til kynningar

- d) Rammi að samkomulagi um samræmda móttöku flóttafólks
- e) Varðar stöðugildi talmeinafræðings – svar við umbeðnum upplýsingum
- f) Umhverfismatsskýrsla um efnistöku á Mýrdalssandi
- g) Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga
- h) Ráðstefna UNICEF um þátttöku barna
- i) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 4. október 2022.

#### 18. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)